

Ed.

618. Nefndarálit

[265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með þessu frv. er ríkisstjórnin að viðurkenna, að hún hafi haft rangt fyrir sér og raunar ekki verið unnt, nema breyta um leið lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, er hún lagði til í frv. um ráðstöfun á gengishagnaði vegna gengisbreytingarinnar frá 29. ágúst s.l. að taka um 400 milljónir af væntanlegum gengismismun og verðbæta þannig inneign í Verðjöfnunarsjóðnum. Þessi fyrirætlan var lögfest þrátt fyrir harða gagnrýni hér á hv. Alþingi og einnig gegn mjög ákveðnum mótmælum frá öllum aðilum sjávarútvegsins. En hæstv. ríkisstjórn virti allt þetta að vettugi og fór sínu fram um skeið. En nú eftir marga mánuði þóknast þeim háu herrum að leiðrétta misferlin og skila aftur til Verðjöfnunarsjóðsins réttmætri eign sinni.

Það er látið í veðri vaka, að vegna þess, hve staða sjávarútvegsins var slæm og aðstoð við hann brýn, sé þetta gert nú. En þrátt fyrir tvær gengisfellingar með stuttu millibili, sem sagt er að gerðar séu til þess að bjarga við stöðu sjávarútvegsins, er meira öngbveiti ríkjandi nú en nokkru sinni. Allur stærri togaraflotinn liggur bundinn í verkfalli og rekstrarmöguleikar fyrir þá gerð virðast lengra undan en áður. Það er engu líkara en ráðamenn hafi gleymt því eða ekki hugað að því, að hvert þessara nýju skipa var keypt fyrir erlent lánsfé, jafnvel allt að 90% kaupverðs. Gengisfelling var því ekki lausnarleið fyrir þennan þátt í sjávarútveginum. Það mun vera sjaldgæft, að allir aðilar innan raða sjávarútvegsins hafi talið rangt að fella gengið eins og gert var í febr. s.l. Þrátt fyrir þetta heldur hæstv. ríkisstjórn sína leið með þeim afleiðingum er alþjóð er nú kunnugt um. Til þess að halda uppi sæmilegum lífskjörum í landinu höfum við orðið að þiggja hvert lánið á fætur öðru erlendis frá, svo að við gætum keypt lífsnauðsynjar. Þessi efnahagsstefna stefnir beint í steinvegginn.

Undirritaðir hafa fyrirvara um afgreiðslu þessa frv. Þar sem það er fram komið vegna fyrri mistaka ríkisstjórnarinnar, verður hún ein og stuðningsmenn hennar að bera ábyrgð á mistökum sínum.

Alþingi, 8. maí 1975.

Jón Árm. Héðinsson,
frsm.

Stefán Jónsson.